

Athugun á skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði

Áfangaskýrsla 1

Verkefnið er m.a. styrkt af
Sambandi íslenskra sveitarfélaga
og Umhverfisiráðuneytinu

Anton Helgason

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Sigurjón Þórðarson

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Þorleifur Eiríksson

Náttúrustofa Vestfjarða

2002

NV nr. 3-02.

Útdráttur

Nýleg reglugerð Evrópusambandsins um fráveitur og hreinsun fráveituvatns, gerir auknar kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlisstöðum. Íslendingar hafa skuldbundið sig til að taka upp reglusetningu Evrópusambandsins á þessu sviði.

Litlar sem engar athuganir hafa farið fram á ástandi viðtaka við smærri þéttbýlisstaði á Íslandi. Því var ráðist í að gera þessa athugun á ástandi viðtaka á Tálknafirði, Ísafirði, Bolungarvík, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki og Siglufirði.

Á sniðum út frá útrásum þessara sjö þéttbýlisstaða voru gerðar athuganir á gerlum, næringarefnum og botndýralífi.

Niðurstöður benda til að þynning skólpsins í viðtakanum sé almennt góð og af því má ráða að minni sveitarfélög við sjávarsíðuna eru að losa skólp út í góðan viðtaka sem ræður vel við þá mengun sem þangað berst. Helstu niðurstöður urðu eftirfarandi.

Gerlamengunar gætir helst alveg við útrásarop, en í 20-50 m fjarlægð frá útrás verður lítið vart við gerlamengun.

Næringarefni (fosfór (P), köfnunarefni (N) og heildar kolefni (TOC)) fundust í litlu magni. Einungis við útrásarenda frá rækjuverksmiðju fundust þessi efni í einhverju mæli.

Lítill sem engin uppsöfnun á seyru á sér stað við útrásirnar. Botndýralíf var fjölbreytt á athugunarstöðvum. Hvergi fannst dauður botn þ.e. súrefnissnauður. Mismunandi tegundasamsetningu á sýnatökustöðvum má yfirleitt skýra með mismunandi botngerðum frekar en vegna áhrifa mengunar.

Ef skoðaðar eru útreikningar á uppruna lífræns úrgangs í fráveituvatni, þá kemur fram að mjög lítil hluti hans er upprunninn í skólpi frá heimilum heldur er hann að lang stærstum hluta frá matvælafyrirtækjum. Af þeim þéttbýlisstöðum sem skoðaðir voru var hlutfallið hæst á Ísafirði en var engu að síður innan við 20 % af heildarmagninu en yfirleitt er hlutfall lífræns úrgangs frá íbúum, vel innan við 10 % af heildarmagni lífræns efnis í fráveituvatni.

Það er augljóst að það breytir mjög litlu fyrir umhverfi bæja við sjávarsíðuna á Íslandi að hreinsa lífrænt efni úr fráveituvatni heimila, þar sem það er svo stór hluti lífræns efnis sem kemur frá matvælafyrirtækjum. Ef tekið er dæmi frá Siglufirði og farið yrdi í umfangsmikla og kostnaðarsama hreinsun á heimilisskólpi og að hreinsað yrdi 80 % af lífrænu efni úr heimilisskólpinu, þá hefði það einungis þau áhrif að heildarmagn lífræns efnis sem færi frá Siglufirði og út í viðtakann, minnkaði innan við 4 % af heildarlosun lífræns efnis.

Rökrétt er því að hreinsun íbúaskólps ætti einungis að vera mjög gróf síun og hafa að markmiði að ná pappír, smokkum og drasli sem mögulega getur borist með fráveituvatninu og valdið sjónmengun.

Þessi rannsókn sýnir að viðtaki skólps ræður í flestum tilfellum við það lífræna efni sem berst í viðtakann og hefur ekki mjög alvarleg áhrif á umhverfið. Ef talin verður ástæða til að minnka lífrænt magn sem kemur frá litlum sjávarbyggðum væri mun skynsamlegra að einbeita sér að því að koma á betri mengunarvörnum frá matvælafyrirtækjunum en þaðan berst oft á tíðum yfir 90 % af öllu lífrænu efni sem kemur frá sjávarbyggðunum.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Efnisyfirlit.....	3
Inngangur	4
Lög og reglugerðir.....	5
Forathuganir, hönnun og ríkisstyrkir.....	6
Samræmdar forathuganir.....	7
Fráveitur.....	7
Gerlar.....	7
Uppleyst næringarefni	8
Lífrænar leifar	8
Botndýralíf	8
Aðferðir.....	8
Gerlamælingar.....	9
Efnamælingar	9
Botnsýnataka	9
Mat á fjölbreytileika	10
Athugunarstaðir.....	10
Yfirlit um lífrænt efni	10
Sýnatökustaðir	13
Niðurstöður	20
Gerlamælingar.....	20
Efnasýni og grugg	22
Botnrannsókn	24
<i>Dýrasamfélög</i>	<i>24</i>
<i>Fjölbreytni.....</i>	<i>27</i>
Umræður	30
Viðmið og reglur	30
Meginniðurstöður	30
<i>Gerlar</i>	<i>30</i>
<i>Næringarefni</i>	<i>31</i>
Lokaorð	31
Þakkir	32
Heimildir.....	32
Viðhengi. Yfirlit yfir botndýr	34

Inngangur

Fyrir dyrum standa miklar framkvæmdir í fráveitumálum á vegum sveitarfélaga. Íslendingar hafa skuldbundið sig með EES samningi að ljúka byggingu fullnægjandi fráveitumannvirkja fyrir árið 2005.

Hér er um mjög kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða fyrir lítil sveitarfélög. Heyrst hafa tölur um allt að 150 þús. kr. á íbúa sem er um fimmfalt hærra upphæð en kostnaður hvers íbúa í Reykjavík var við byggingu hreinsikerfis.

Ætla má að þegar svo háar upphæðir eru lagðar undir sé verið að losna við mikla mengun, en það kemur í ljós að litlar sem engar athuganir hafa verið gerðar á umfangi mengunar frá minni stöðum þar sem skólp kemur fyrst og fremst frá íbúðabygð og matvælaframleiðslu.

Að fara fram á dýra hreinsun á skólpi sem minnar ekki áhrifin á umhverfið getur verið tvíþent. Þar sem það mun seinka aðgerðum, einnig lágmarksaðgerðum, sem væru ef til vill fullnægjandi.

Höfundar töldu það því mikilvægt verkefni að kanna ástandið áður en farið er í byggingu og hönnun nýrra fráveitumannvirkja.

Ýmsar lausnir hafa verið kynntar sveitarfélögunum en þær hafa ekki tekið tillit til staðháttanna og þeirrar staðreyndar að við erum að losa skólp út í mjög góðan viðtaka eða í mörgum tilvikum því sem næst úthafið sjálft.

Markmið með verkefninu var að lýsa ástandinu eins og það er áður en farið er út í úrbætur í skólpárum.

Verkefnið Forathuganir á áhrifum skólpmengunar við þéttbýlisstaði á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra var unnið af: Náttúrustofu Vestfjarða, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Gerð var rannsóknaráætlun í samráði við sérfræðing Hollustuverndar ríkisins á vordögum 1997 og sýnum síðan safnað seinna um sumarið.

Í framhaldi af þessari vinnu hefur verið safnað gögnum frá fleiri þéttbýlisstöðum ásamt því að straumar hafa verið mældir. Þá eru skýrsluhöfundar leiðandi í samnorrænu verkefni um skilgreiningu á síður viðkvæmum svæðum. Þær niðurstöður verða ekki til umfjöllunar í þessari skýrslu. Vinna við skýrslugerð hefur dregist vegna fjárskorts. Ljóst er að ef bæta á þekkingu landsmanna á lífríkinu umhverfis ströndina þá þurfa að koma til verulegir fjármunir.

Flokkun á viðtökum

Þéttbýlisstaðir sem liggja að sjó hafa notað sjóinn sem þægilega leið til að losna við skólp. Þynning og dreifing á mengunarvöldum er veruleg í sjónum svo hægt er að hleypa töluverðu magni af skólpi í sjóinn án þess að áhrif séu merkjanleg.

Þetta þýðir ekki að hægt sé að nota sjóinn sem óendanlegan viðtaka fyrir skólp, né að aðstæður séu alls staðar heppilegar til að losa skólp. Ef skólpi er veitt í sjóinn þar sem er aðdjúpt og sterkir straumar er líklegt að áhrifin verði ekki merkjanleg og ef leiðslur eru nægjanlega langar og opnast með dreifikerfi á nokkru dýpi, eru umhverfisáhrif sennilega hverfandi.

Ekki er til nein einhlít skilgreining á því hvað er góður eða vondur viðtaki. Slík skilgreining er meðal annars háð frárennslismagni, stærð og lögun viðtaka, vatnsskiptum og fjölda annarra umhverfisþátta. Meta verður eiginleika viðtaka á grunni margvíslegra gagna. Ein slík

flokkun er byggð á viðtakarannsókn. Til að skera úr um hvort viðtaki er góður meta umhverfisyfirvöld allajafna hvert tilvik í ljósi heildarmats sem byggist á rannsókn. Um er að ræða mjög staðbundnar athuganir. Slíkar rannsóknir eru fáar og ekki staðlaðar.

Þar sem frárennsli er veitt í góða sjávarviðtaka er nægilegt að gera kröfur um lágmarkshreinsun með botnfellingu, síu eða öðrum útbúnaði sem gerir sama gagn. Að leggja frárennslisleiðslur djúpt í sjó og að grófhreinsa skólpið (eingöngu) getur verið ásættanleg lausn.

Hreinsikröfur um frárennsli til góðs sjávarviðtaka grundvallast á óskum um að koma í veg fyrir sjónmengun og uppsöfnun seyru á botninum og að þynning sé það mikil að gerlamengun sé innan viðmiðunarmarka.

Lög og reglugerðir

Með reglugerð nr 798/1999 um fráveitur og skólp sem sett var á grundvelli laga nr 7/1998 var tekin inn í íslenska löggjöf tilskipun EB um hreinsun skólps frá þéttbýli nr. 91/271EBE. Íslenska reglugerðin er samsuða úr reglum sem áður var að finna í mengunarvarnarreglugerð og tilskipun EB. Markmið íslensku reglugerðarinnar er að “vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.”

Tilskipun Evrópusambandsins er hins vegar sett til að koma í veg fyrir að ófullnægjandi hreinsun skólps í einu aðildarríki hafi áhrif á vatn í öðrum aðildarríkjum til að koma í veg fyrir að umhverfið hljóti skaða af skólpi sem ekki hefur verið hreinsað á fullnægjandi hátt. Í Evróputilskipuninni er grunnkrafan tveggja þrepa hreinsun. Á síður viðkvæmum svæðum er hins vegar gert ráð fyrir að notast megi við eins þreps hreinsun ef hægt er að sýna fram á það með rannsóknum að viðtakinn bíði ekki skaða af. Í reglugerð um fráveitur og skólp eru teknar upp kröfur Evrópusambandsins og jafnframt séríslenskar kröfur, sem taldar eru ganga lengra. Þau ákvæði sem ganga lengra en tilskipun Evrópusambandsins eru ákvæði um skólplagnir í hafnir og ákvæði um gerlamengun strandsjávar. Grein 9.2 í íslensku reglugerðinni um að óheimilt sé að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna og ákvæði (10.1) um að saurmengun í strandsjó utan þynningarsvæða skuli vera undir umhverfis-mörkum sem fram koma í fylgiskjali 2. Í íslensku reglugerðinni er einnig ákvæði sem gengur skemur en ákvæði EB þ.e. í grein 20.2 þar sem sagt er að notkun síubúnaðar til hreinsunar skólps sé sambærilegt við eins þreps hreinsun á síður viðkvæmum svæðum.

Til að geta nýtt sér hugtakið síður viðkvæm svæði þarf að sýna fram á, með nægilegum rannsóknum að skólpið hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið. Ef eins þreps hreinsun er skilgreind á þann hátt að hún sé hreinsun þar sem BOD5 er lækkað um 20% og heildarmagn svifagna lækkað um að minnsta kosti 50%, þá er hér um verulega tilslökun að ræða frá kröfu um tveggja þrepa hreinsun. Reglugerðin gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps frá þéttbýli og tiltekinni atvinnustarfsemi þar sem aðallega er um matvælavinnslu að ræða.

Hin séríslensku umhverfismörk fyrir saurmengun í strandsjó eru tvennskónar, annarsvegar er miðað við að fjöldi hitapolinna kólígerla, saurkólígerla eða saurkokka skuli utan þynningarsvæðis vera undir 1000 pr. 100 ml, hinsvegar 100 pr. 100 ml þar sem útivistarsvæði eru við fjörur eða matvælaíðnaður í grennd. Miðað er við lámærk 10 sýni og 90% tilvika séu undir viðmiðunarmörkum.

Ef við lítum á reglur sem gilda fyrir gerlamengun á baðströndum Evrópu (Directive 76/110/EEC) kemur í ljós að krafan er um að í 95% tilvika sé fjöldi saurgerla undir 2000 pr.

100 ml en æskileg gæðamarkmið fyrir baðstrendur Evrópu er þau sömu og á útivistarsvæðum á Íslandi þ.e. í 90% tilvika eiga saurgerlar að vera undir 100 pr. 100 ml.

Þannig er íslenska skólpreglugerðin með strangari kröfur um gerlamengun heldur en þær sem gilda á baðströndum Evrópu.

Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu. Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind: Opna flóa, ármynni og annan strandsjó þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

Reglugerð um fráveitur og skólþ er eins og margbrotið listaverk, þannig að í hvert sinn sem litið er í reglugerðina er hægt að sjá eitthvað nýtt út úr henni. Vandamálið er að það lesa ekki allir það sama út úr reglugerðinni, því hafa verkfræðistofur oft verið að ráðleggja sveitarfélögum í takt við Evrópureglugerðina hreinsistöðvar fyrir fyrsta stigs hreinsun, þar sem í íslensku reglugerðinni er talið nægja að fjarlægja rusl úr skólpinu, þ.e. að í stað fyrsta stigs hreinsunar nægi að nota síubúnað. Hins vegar valda önnur ákvæði meiri vanda, svo sem ákvæðið um að frárennslisop megi ekki opnast innan hafna og viðmiðunarmörk fyrir örverumengun.

Á mörgum stöðum við sjávarsíðuna háttar þannig til að byggð hefur þróast út frá hafnarsvæðum þannig að í upphafi var skólþkerfið út frá höfnum. Eins eru til dæmi við ströndina þar sem hefur ekki tekist að koma fráveitulögnum úr fjöruborðinu vegna brimróts og þar hefur eini staðurinn sem fráveitulagnir hafa haldist verið þeir staðir sem skýlt er af brimvarnargörðum og hafnarmannvirkjum. Umverfismörk fyrir gerlamengun er snúið fyrirbrigði því að líftími gerla er ekki sá sami vetur og sumar. Líftími gerla er mun lengri í skammdeginu en að sumri, þá er einnig meiri hætta á að skólpmengun nái upp á yfirborð sjávar vegna þess að lagskipting sjávar brotnar niður. Á það verður að benda, að í reglugerðinni er miðað við að mörk fyrir gerla gildi fyrir utan þynningarsvæði. Því þarf við hönnun mannvirkja fyrst að ákvarða stærð þynningarsvæðis áður en farið er að hanna fráveitulagnir. Hægt er að nota dreifilíkon til að áætla gerlamengun frá skólþútrásum, í skýrslu Vatnaskila fyrir útrásir fyrir Siglufjörð er gert ráð fyrir að útrás þurfi að vera 300m löng til þess að fjöldi gerla fari ekki yfir mörk reglugerðarinnar við ströndina í skammdeginu.

Forathuganir, hönnun og ríkisstyrkir

Með lögum nr. 53/1995 hefur ríkisvaldið stutt við bakið á sveitarfélögum sem vinna að heildarúrbótum í fráveitumálum. Með þeirri ákvörðun var m.a. komið til móts við það sjónarmið að óeðlilegt væri að ríkissjóður hagnaðist á þessum framkvæmdum og samsvarar stuðningurinn því um það bil endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem greiddur er til ríkisins vegna framkvæmdanna. Stuðningsfjárhæðir til sveitarfélaga geta þó verið misjafnar sbr. ákvæði laga og reglugerða þar um.

Einungis er veittur stuðningur til framkvæmda við sniðræsi frá safnkerfum fráveitna, rotþrær, hreinsi- og dælustöðvar og útrásir.

Ekki eru veittir styrkir til rannsókna og forkannana fyrir fráveituf framkvæmdir. Þetta er mjög slæmt því þetta verður til þess að sveitarstjórnir spara nauðsynlega undirbúningsvinnu og rjúka beint í framkvæmdir án þess að kanna fyrst hvernig ástandið er og hvaða vandamál liggur mest á að leysa.

Einungis stærstu sveitafélögin hafa haft möguleika á að standa sæmilega að forathugunum.

Athyglisvert er að þegar ríkisvaldið ákveður að veita styrki til fráveituframkvæmda eru stærstu og öflugustu sveitarfélögin búin að gera þær forathuganir sem þurfti (Valdimar Byrnjólfsson 1988, Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1995) og komin á framkvæmdastigið.

Minni sveitarfélögum er hins vegar ætlað að hlaupa yfir forathugunar- og forhönnunarstigið og ana beint í framkvæmdir.

Ef ætlunin er að þeir fjármunir, sem samfélagið er tilbúið að veita til að styrkja fráveituframkvæmdir, nýtist sem best hefði verið mun eðlilegra að veittir væru háir styrkir til forathugana en framkvæmdir væru síðan styrktar með lægri framlögum.

Samræmdar forathuganir

Nauðsynlegar grunnathuganir eru dýrar en geta skilað sér í ódýrari mannvirkjum án þess að slakað sé á kröfum. Þekking Íslendinga á lífríki við ströndina er mjög takmörkuð. Því er ekki hægt að ganga að upplýsingum vísuðum um einstaka staði.

Með samræmdum aðgerðum er hægt að deila grunnkostnaði og koma með staðlaðar aðferðir sem skila nægilega góðum niðurstöðum með tiltölulega litlum kostnaði. Niðurstöður úr slíku stöðluðu mati mætti nota til að flokka viðtaka og meta árangur af fráveituframkvæmdum.

Fráveitur

Flestar litlar og meðalstórar byggðir á Íslandi eru við sjóinn. Aðalatvinnuvegurinn er matvælaframleiðsla og fyrst og fremst fiskvinnsla. Víðast er mjög lítill efnaiðnaður.

Í fráveitum eru annars vegar skólp frá íbúðabyggð og hinnsvegar frá fiskvinnslu.

Áhrifum af völdum fráveitu, þar sem ekki er hætta á mengun af völdum eiturefna, má skipta í þrennt, þ.e. gerlamengun, ofauðgun vegna næringarefna og uppsöfnun seyru á botninum.

Gerlar

Í íbúðarskólpi er mikill fjöldi saurgerla. Saurkóligerlar eru hitapolnir kóligerlar þ.e. sá hluti kóligerla sem getur gerjað laktósa við 44°C. Leyfileg mörk umhverfismengunar eru miðuð við styrk saurgerla. Ástæðan er í raun tvíþætt. Í fyrsta lagi sú að auðvelt er að mæla magn saurgerla og í öðru lagi að eftir því sem meira er af saurgerlum í skólpi er þéttleiki annarrar mengunar meiri. Þá eru meiri líkur á að sjúkdómsvaldandi gerlar og veirur séu til staðar.

Vindur hefur veruleg áhrif á sjávarstrauma, auk þess sem yfirborð sjávar skvettist og fýkur upp á land í miklum stormum.

Fráveituvatn er yfirleitt léttara en sjórinn og flýtur því upp að yfirborði.

Skólpmengaður sjór getur verið smitleið, þ.e. einstaklingar sýkjast við beina snertingu við sjóinn. Slík sjúkdómstilfelli er helst að finna þar sem sjór er notaður til böðunar.

Gerlamengun sjávar á hafnarsvæðum er óásættanleg, þar sem verið er að skipa upp matvælum, við slíkar aðstæður.

Sjór er yfirleitt ekki notaður til að spúla með skip og báta í höfnum.

Upplevst næringarefni

Næringarefni eru yfirleitt takmarkandi fyrir vöxt þörungum og yfirleitt er það fosfór sem er takmarkandi.

Með skólpi berst talsvert af næringarefnum og þá er hættu á að þörungum taki að fjölga sér úr hófi. Þegar þeir deyja geta þeir síðan fallið til botns og geta þá valdið súrefnisþurrð við botn. Þetta vandamál á sérstaklega við í lygnum vötnum og fjörðum.

Með skólpinu berst töluvert af lífrænu efni og seyran getur safnast á botninum fyrir framan útrásir. Þar sem uppsöfnun á seyru er það mikil að niðurbrot lífrænna efna helst ekki í hendur við uppsöfnun, er mögulegt að súrefnissnauð rotnun verði við botn.

Lífrænar leifar

Ef lífrænt efni hleðst upp á botni getur við niðurbrot þess myndast mikið magn af illa þefjandi gastegundum.. Skólpi inniheldur einnig næringarefni sem geta aukið vöxt plantna.

Norskar rannsóknir á stöðum þar sem frárennslisvatn hefur verið losað án hreinsunar hafa leitt í ljós að seyra safnast upp á stórum svæðum umhverfis útrás. Umfangið ræðst af losunarmagni og straumum á losunarstað. Á sama hátt er rusl úr frárennslisvatni merki um áhrif frá frárennslislosun á strandsvæðum.

Botndýralíf

Lífríkið á sjávarbotninum verður fljótt fyrir áhrifum ef lífrænar leifar fara að safnast upp. Fyrstu merkin eru að fjölbreytni minnar, en jagnframt ná ákveðnar tegundir sér oft á strik og verða mjög áberandi. Líf magn þarf því ekki að minna fyrst í stað. Ágerist uppsöfnun lífrænna efna, endar það með súrefnisskortri og hugsanlega aldauða dýra.

Aðferðir

Mengun er mjög mismunandi og mælingaaðferðir miðast við þá mengun sem á að meta.

Hér er eingöngu verið að fjalla um skólpmengun, þ.e. lífræna mengun; lifandi gerla, næringarefni og uppsöfnun lífræns efnis.

Mælingaaðferðir taka mið af þessu og því eru tekin sýni til að meta magn gerla, magn næringarefna, heiladarmagn lífræns efnis og uppsöfnun lífrænna efna, bæði beint og með því að skoða lífríkið.

Hér á eftir er fjallað sérstaklega um sérhvern þessara þátta.

Gerlamælingar

Sýni til gerlamælinga voru tekin með því að dýfa 200ml dauðhreinsuðum sýnatökuglössum rétt undir yfirborðið. Sýnin voru síðan sett í kælitösku og rannsökuð eftir stöðluðum aðferðum eins fljótt og auðið var.

Sýni frá Vestfjörðum voru rannsökuð hjá Rannsóknarstofnun Fiskiðnaðarins á Ísafirði en sýni frá Norðurlandi vestra voru rannsökuð hjá rannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins.

Efnamælingar

Líffræðileg súrefnisþörf (BOD) er mælikvarði fyrir magn lífrænna efna í vatni með staðlaðri aðferð.

O₂ BOD stuðull, er stuðull sem framleiðslumagn er margfaldað með og útkoman er BOD magn fyrirtækisins eða áætlað magn lífrænna efna í fráveituvatninu.

Persónueining (pe). er magn lífrænna efna, næringarsalta og annara efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Að jafnaði krefst ein pe. af lífrænu efni 60 gr. súrefnis, til þess að brjóta niður lífrænt efni með staðlaðri aðferð.

Efnafræðileg súrefnisþörf (COD) er magn lífrænna efna í vatni, mælt með staðlaðri aðferð.

Í mengunarvarnarreglugerð er BOD (biological oxygen demand, líffræðileg súrefnisþörf) notað sem viðmið. BOD prófið var sniðið að því að mæla mengun í fersku vatni.

Það tekur langan tíma að mæla BOD og það þarf að nota háan styrk að aðlöguðum og virkum bakteríum. Því hefur raunin orðið sú að þetta próf hefur vikið fyrir COD (Chemical Oxygen Demand) og TOC (Total Organic Carbon).

COD hentar illa þar sem verið er að mæla lítinn styrk mengunarefna í söltu vatni því að þynna þarf til að útiloka áhrif saltvatns.

TOC er mjög fljótvirk aðferð sem hentar mjög vel þar sem búast má við lífrænu efni í litlum styrk. Hlutföll BOD5 /TOC liggur á bilinu 1.0 til 1.6.

Sýni til rannsókna á næringarefnum og TOC voru tekin í 500ml plastbrúsa sem höfðu verið þvegnir með sýru og skolaðir með eimuðu vatni. Sýnin voru fryst þegar komið var í land. Sýnin voru síðan send frosin utan.

Vestfjarðasýnin voru rannsökuð hjá AnalyCen í Svíðþjóð en norðlensku sýnin voru send til Skotlands til Clyde Analytical.

Botnsýnataka

Botnsýnataka fór fram með Van Veen botngreip. Teknar voru þrjár greipar á hverjum sýnatökustað. Einnig var prófað að nota Ekman greip og Kajak sýnatökubúnað.

Uppsöfnun á seyru var metin með skynmati á sýnum með eftirfarandi hætti þ.e. litur leðju, lykt leðju og gróft mat á lífrænar leifar.

Til að skoða botndýr voru sýnin sigtuð með 0.5 mm sigti og þau dýr sem eftir urðu í sigtinu greind í safnhópa og talin. Eftir greiningu voru sýnin sett í 70 % isopropanol og þeim komið fyrir í sýnageymslu. Sýnin voru geymd og höfð aðgengileg þannig að hægt var að skoða þau nánar.

Við greiningu dýra var notuð Leica MZ-12 víðsjá. Dýr voru greind í safnhópa eða tegundir eftir því sem ástæða var til.

Mat á fjölbreytileika

Fjölbreytileiki var metinn á stöðvunum með Shannon-Wiener fjölbreytileikastuðli (Grey et. al 1992; Brage, R og I. Thélín 1993).

Shannon-Wiener stuðullinn,

$$H' = \frac{n \log n - \sum_{i=1}^k f_i \log f_i}{n}$$

sem er mjög mikið notaður, hækkar eftir því sem fjölbreytileiki eykst.

Athugunarstaðir

Í þessari athugun voru gerðar athuganir við sjö þéttbýlisstaði á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Staðirnir eru Tálknafjörður, Bolungarvík, Ísafjörður, Hvammstangi, Skagaströnd, Sauðárkrókur og Siglufjörður.

Yfirlit um lífrænt efni

Eftirfarandi yfirlit sýnir magn lífræns efnis í fráveituvatni sveitarfélagana. Magntölur í fiskvinnslu eru m.a. fengnar úr skýrslum Hagstofu Íslands yfir afla af Íslandsmiðum eftir tegund vinnslu, verkunarsvæðum og fisktegundum árið 2000.

Tölur yfir framleiðslumagn rækjuverksmiðja eru fengnar frá rækjuverksmiðjunum eða þá hámarksvinnslugetu í verksmiðjunum.

Aðrar magntölur eru fengnar hjá fyrirtækjunum eða áætlaðar af skýrsluhöfundum.

Stuðlar sem áætla hversu mikið magn berst í fráveituvatnið af lífrænu efni, út frá mismunandi atvinnustarfssemi eru flestir fengnar frá Hollustuvernd ríkisins en fáeinir s.s. stuðull hvað varðar áætlað magn lífræns efnis frá Kítósanverksmiðjunni voru reiknaðir út af skýrsluhöfundum.

Tálknafjörður

Tafla 1. Yfirlit yfir uppruna og magn lífræns efnis í fráveituvatni á Tálknafirði.

Starfsemi	Magn (fj. eða kg/ár)	O ₂ stuðull COD	O ₂ stuðull BOD	p.e.
Íbúar	300			300
Bolfiskflökun	3.700.000	0,017	0,012	2.052
Samtals persónueiningar (p.e.)				2.352

Bolungarvík

Tafla 2. Yfirlit yfir uppruna og magn lífræns efnis í fráveituvatni í Bolungarvík.

Starfsemi	Magn (fj. eða kg/ár)	O ₂ stuðull COD	O ₂ stuðull BOD	p.e.
Íbúar	1.000			1.000
Rækjuframl. með grófsú	4.800.000		0,069	15.068
Bolfiskflökun	2.800.000	0,017	0,012	1.553
Fiskmjölsframleiðsla	23.745.000		0,002	2.168
Samtals persónueiningar (p.e.)				18.789

Ísafjörður

Tafla 3 Yfirlit yfir uppruna og magn lífræns efnis í fráveituvatni á Ísafirði.

Starfsemi	Magn (fj. eða kg/ár)	O ₂ stuðull COD	O ₂ stuðull BOD	p.e.
Íbúar	2.700			2.700
Rækjuframl. með grófsú	3.900.000		0,069	12.243
Mjólkursamlag alm.	1.298.000		0,002	89
Bolfiskflökun	262.000	0,017	0,012	145
Samtals persónueiningar (p.e.)				15.177

Hvammstangi

Tafla 4. Yfirlit yfir uppruna og magn lífræns efnis í fráveituvatni á Hvammstanga.

Starfsemi	Magn (fj. eða kg/ár)	O ₂ stuðull COD	O ₂ stuðull BOD	P.e
Íbúar	600			600
Rækjuframl. með grófsú	3.000.000		0,069	9.418
Mjólkursamlag Ostafaml. þar sem mysu er hent	2.200.000		0,023	2.311
Sláturhús	1.800.000		0,024	1.085
Samtals persónueiningar (p.e.)				14.301

Skagaströnd

Tafla 5. Yfirlit yfir uppruna og magn lífræns efnis í fráveituvatni á Skagaströnd.

Starfsemi	Magn (fj. eða kg/ár)	O ₂ stuðull COD	O ₂ stuðull BOD	p.e
Íbúar	600			600
Rækjuframleiðsla	5.000.000	0,11	0,069	15.696
Bolfiskflökun	57.000	0,017	0,012	32
Samtals				15.728

Sauðárkrókur

Tafla 6. Yfirlit yfir uppruna og magn lífræns efnis í fráveituvatni á Sauðárkróki.

Starfsemi	Magn (fj. eða kg/ár)	O ₂ stuðull COD	O ₂ stuðull BOD	p.e
Íbúar	2.700			2.700
Heimavist, ferðþjónusta og sjúkrahús	500			500
Rækjuframleiðsla	1.860.000	0,11	0,092	7.785
Mjólkursaml. Ostaframl. þar sem mysu er hent	7.541.568		0,023	7.920
Neyslumjólk	1.542.264		0,002	141
Bolfiskflökun	4.000.000	0,017	0,012	2.218
Sláturhús á Skróki	990.000		0,024	1.085
Fóðurframleiðsla fyrir loðdýr	3.000.000		0,003	411
Sútunarverksmiðja	200.000		0,11	1.005
Samtals persónueiningar (p.e)				20.565

Sigluförður

Tafla 7. Yfirlit yfir uppruna og magn lífræns efnis í fráveituvatni á Siglufirði.


Starfsemi	Magn (fj. eða kg/ár)	O ₂ stuðull COD	O ₂ stuðull BOD	N (kg)	p.e
Íbúar	1.600				1.600
Rækjuframleiðsla		0,11	0,092		0
Rækjuframl. Með grófsíu			0,069		
Bolfiskflökun	500.000	0,017	0,012		277
Kítínverksmiðja (rækjuskel)	9.000.000			86400	19.726
Fiskmjölsframleiðsla	93.836.000		0,002		8.569
Samtals persónueiningar (p.e)					30.173

Sýnatökustaðir


Sýnatökustaðir voru valdir í beinni línu í misjöfnum fjarlægðum frá stærstu útrásum. Tekið var mið af þeim sýnatökustöðum sem höfðu verið í notkun hjá heilbrigðiseftirliti viðkomandi svæðis.

Við botnsýnatöku var reynt að hliðra til sýnatökustöðum þannig að sýni væru tekin í mismunandi fjarlægð frá útrásum en á sama dýpi.

Sýnatökustaðir voru skráðir inn með GPS tæki með leiðréttingarbúnaði og merktir inn á kort. Staðsetning sýnatökustaða er sýnd myndum 1-7.




Mynd 1. Yfirlit yfir sýnatökustaði og útrásir við Tálknafjörð.




Mynd 2. Yfirlit yfir sýnatökustaði og útrásir við Bolungarvík.




Mynd 3. Yfirlit yfir sýnatökustaði og útrásir við Ísafjörð.




Mynd 4. Yfirlit yfir sýnatökustaði og útrásir við Hvammstanga



Mynd 5. Yfirlit yfir sýnatökustaði og útrásir við Skagaströnd



Mynd 6. Yfirlit yfir sýnatökustaði og útrásir við Sauðárkrók



Mynd 7. Yfirlit yfir sýnatökustaði og útrásir við Siglufjörð

Niðurstöður

Gerlamælingar

Gerlamengunar varð helst vart við útrásarenda, en á það skal bent að reynt var að vera eins nálægt útrásarenda. Þynning gerlamengunarinnar var mjög hröð þannig að í 50 til 100 m fjarlægð var magn gerla kominn niður fyrir viðmiðunarmörk sem er að finna í reglugerð 798/1999 í fylgiskjali 2 sem gilda við útivistarsvæði ellegar matvælafyrirtæki.

Næringarefnamengunar varð ekki vart og styrkur næringarefna var í öllum tilvikum lágur. Einungis yfir útrásarenda fráveitu frá rækjuverksmiðju varð vart við aukningu í styrk fosfórs en í 50 m fjarlægð var styrkur kominn niður.

Gerlamengun.

Við töku á gerlasýnum var reynt að fara eins nálægt útrásarenda og hægt var. Á það verður að benda að gerlatalningar eru einungis framkvæmdar á einu sýni á hverri stöð þannig að ekki er hægt að meta breytileika niðurstaðna. Þannig geta einstaka sýni gefið of háa eða of lága niðurstöðu en hins vegar eru þessar sýnatökur endurtekning á gerlatalningu 1992 og 1996 á Ísafirði (Anton Helgason 1996 og Anton Helgason 1999) og eins eru á stöðvum Norðanlands notuð meðaltöl tveggja sýnatökudagsetninga. Í heildina tekið eru einungis örfá sýni sem fara yfir 1000 gerla mörkin og þá þau sýni sem tekin eru yfir útrásarenda. Langflest sýnin eru undir gæðaviðmiði 100 saurkóligerla pr. 100 ml.

Hér er um stakar mælingar að ræða og því þarf að varast að draga of miklar ályktanir varðandi niðurstöðurnar. Reglubundnar sýnatökur sem tengdar eru straummælingum þarf að framkvæma til að fá heilsteypta mynd af ástandinu eins og það er á hverjum tíma. Niðurstöður benda til að þynning skólpsins í viðtakanum sé almennt góð (sjá töflur 8-14).

Tafla 8. Gerlamælingar á Tálknafirði. Sýnataka 1997.

Stöð	Fjarlægð frá útrás m	Fj./100ml (MPN) Saurkóli	Fj./100ml Enterokokkar
T-1	5	240	47
T-2	100	2	3
T-3	250	1,8	4

Tafla 9. Gerlamælingar í Bolungarvík. Sýnataka 1997.

Stöð	Fjarlægð frá útrás m	Fj./100ml (MPN) Saurkólí	Fjöldi /100ml Enterokokkar
S1	10	2	12
S2	250	2	8
S4	50	1600	395
B5	50	350	467

Tafla 10. Gerlamælingar á Ísafirði. Sýnataka 1997.

Stöð	Fjarlægð frá útrás	Dýpi m	Fj./100ml (MPN)	Fjöldi /100ml	
	m		Saurkólí	Enterokokkar	
1	20	6	540	240	
2	100	9	540	60	
3	250		140	75	
4	50	3	240	180	
7	5000	5	1,8	1	kontrol
8	100	5	<1,8	2	
10	20	2	49	210	
11	50	3	6,1	105	
14	250	7	280	19	
13	5000	7	1,8	1	kontrol
15	50		<1,8	6	
16	50	2	<1,8	1	

Tafla 11. Gerlamælingar á Hvammstanga. Sýnataka 1997.

Stöð	Fjarlægð frá útrás m	Fjöldi saurkólí gerla		Meðaltal
		31/7/1997	20/8/1997	
1		7	7	7
2		4	67	36
3a	10	700	390	545
3b	25	240	80	160
3c	50	34	13	24
3d	100	6	24	15
3e	200	1	2	2
4		1	11	6
5a		12	27	20
5b		3	24	14
6		0	79	40

Tafla 12. Gerlamælingar á Sauðkróki. Sýnataka árið 1997.

Stöð	Fjarlægð frá útrás m	Fjöldi saurkólí gerla		Meðaltal
		28/7/1997	14/8/1997	
1		0	2	1
2		0	0	0
3		90	820	455
4a		3500	3700	3,600
4b		2300	500	1,400
5a	10	29000	760	14,880
5b	25	6900	12000	9,450
5c	50	4200	76	2,138
5d	100	1320	160	740
5e	200	480	35	258
6a		42	310	176
6b		49	250	150

Tafla 13. Gerlamælingar á Skagaströnd. Sýnataka árið 1997.

Stöð	Fjarlægð frá útrás m	Fjöldi saurkólí gerla		Meðaltal
		11/8/1997	18/8/1997	
1		0	7	4
2		0	17	9
3a	10	1	452	227
3b	25	1	4	3
3c	50	0	7	4
3d	100	0	7	4
3e	200	0	1	1
4		1	20	11
5a		1	624	313
5b		13	466	240
6		1	15	8

Tafla 14. Gerlamælingar á Siglufirði. Sýnataka árið 1997.

Stöð	Fjarlægð frá útrás m	Fjöldi saurkólí gerla		Meðaltal
		23/7/1997	5/8/1997	
1		0	0	0
2		50	1730	890
3		42	15	28.5
4		100	22	61
5		22	110	66
